

HÚSÖNDIN

13.tbl. 4.árg.
13. apríl 2021

Fréttablað Mývatnssveitar, husondin@gmail.com
Útgefandi og ábyrgðarmaður: Arnþrúður Dagsdóttir

sími:
8492804

AFMÆLISBÖRN DAGANA 7. - 20. APRÍL

- 8.4. Ingi Þór Yngvason, Pétur Bjarni Gíslason
10.4. Guðrún María Valgeirsdóttir
13.4. Helgi Héðinsson
14.4. Sigríður Jóhannesdóttir
15.4. Baldvin Þór Jóhannesson, Bjartur Arnarsson
17.4. Örn A Hauksson
18.4. Sigurbjörn Ásmundsson
19.4. Stefán Jón Pétursson
20.4. Gísli Rafn Jónsson



Langar þig að vinna upp á fjöllum í sumar. Okkur vantar leiðsögumenn og bílstjóra í dagsferðir í Öskju í sumar. Um er að tala eina og eina ferð eða meira. Leiðsögumenn þurfa að hafa góða ensku kunnáttu og góðir í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar Gísli Rafn 892-8585 eða myvatntours@gmail.com

Mývatn Tours



MOLTUGERÐ

Ókeypis vefnámskeið í samstarfi við Landsmennt, Sveitamennt og Ríkismennt

Hægt er að nýta allt lífrænt efni, sem til fellur í garðinum og eldhúsinu ef aðstaða er til jarðgerðar. Með því að nýta eigin moltu til ræktunar má auðveldlega spara sér innkaup á tilbúnum áburði því hún inniheldur yfirleitt öll nauðsynleg næringarefni og kemur í stað tilbúins áburðar.

Á námskeiðinu verður fjallað um tilgang og markmið moltugerðar. Hugað verður hvaða hráefni er hægt að nýta til jarðgerðar og æskileg blöndunarhlutföll þeirra og hvernig ná megi jöfnu og góðu niðurbroti. Lokaafurð jarðgerðar, moltan er kjörinn áburður og jarðvegsbætir til notkunar í heimilisgarðinn.

**Leidbeinandi: Audur I Ottesen garðyrkjufræðingur
og ritstjóri Sumarhússins og garðsins.**

Tími: 20. apríl kl 17:00-18:30

**Skráning á www.hac.is, hac@hac.is
og í síma 464-5100**

Verð: Námskeiðið er öllum að kostnaðarlausu



Þekkingarnet
Þingeyinga



HEIÐRÚN VILLA HJÁ HUNDAÞJÁLFUN.IS

HUNDANÁMSKEIÐ - BETRI TENGING

Á námskeiðinu verður farið í mikilvægar hlýðniskipanir og áherslur til að fyrirbyggja og vinna í hegðunarvanda og þjálfu upp hlýðinn hvolp/hund sem líður vel.

Námskeiðið er 2 skipti 2,5 klst í senn með 2 vikna millibili og er stuðningur inn á lokuðum Facebook hóp milli skipta. Ítarlegt prógram með myndböndum fylgir, aðeins 6 pláss laus á hvert námskeið.

SUNNUDAGANA 2. OG 16. MAÍ
KL. 10:00 - 12:30 BÁÐA DAGANA
VERÐ: 30.000 KR.*
STAÐSETNING: REIÐHÖLLIN Í SALTVÍK
SKRÁNING Á WWW.HAC.IS OG HAC@HAC.IS

*Ýmsir fræðslusjóðir greiða námskeiðsgjaldið að fullu fyrir sína félagsmenn. Við minnum fólk á að kanna rétt sinn hjá sínu stéttarfélagi

Laust starf.

Laust er til umsóknar starf við ræstingar hjá Sparisjóði Suður – Þingeyinga í Mývatnssveit.

Um 15% starfshlutfall er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Laun skv. kjarasamningum Framsýnar stéttarfélags.

Umsóknum skal skilað í afgreiðslu sparisjóðsins að Helluhrauni 3 eða á netfangið gudrun@sphin.is, fyrir 26. apríl n.k.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðrún María.

Sparisjóður – Suður Þingeyinga.

58. fundur sveitarstjórnar verður haldinn í Skjólbrekku,
14. apríl 2021 og hefst kl. 09:15

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2003023 - Aðgerðir sveitarstjórnar til viðspyrnu vegna Covid-19
2. 2103047 - Félag eldri mývetninga- samningur 2021
3. 2104003 - Staða verkefna í viðspyrnuáætlun sambandsins frá mars 2020 með aðgerðapakka
4. 2011035 - Umhverfisstefna Skútustaðahrepps endurskoðun
5. 1611024 - Skýrsla sveitarstjóra

Fundargerðir til staðfestingar

6. 1809012 - Atvinnumála- og framkvæmdanefnd: Fundargerðir
7. 1611036 - Umhverfisnefnd Fundargerðir
8. 1809010 - Velferðar- og menningarmálanefnd: Fundargerðir
9. 2104005- Landsvirkjun - Upplýsingar um starfsemi í sveitarfélaginu

